



Eldur kom upp í Lavalandi

Eldur kom upp í húsnæði listsmiðjunnar Lavaland við Nesveg 21 í Grundarfirði síðastliðinn sunnudag. Enginn var í húsnæðinu þegar eldurinn kom upp og var það vegfarandi sem tilkynnti um brunann. Slökkvilið Grundarfjarðar og Ólafsvíkur voru kölluð út og þegar þau komu á svæðið var ekki mikill eldur í húsinu og gekk slökkvistarf vel. Reykur var þó allmikill og voru töluverðar skemmdir af sóti, reyk og vatni. Í sama húsi er Trésmiðjan Gráborg staðsett en eldurinn náði ekki að komast í þann hluta hússins.

þa



Covid á undanhaldi?

Það er fagnaðarerindi fyrir íbúa Snæfellsness að þriðjudaginn 10. nóvember er ekkert virkt smit á nesinu og sömuleiðis enginn einstaklingur í sóttkví. Greindum smitum á landinu öllu hefur verið að fækka með hverjum deginum og óskandi að þetta haldi svona áfram. Hertar fjöldatakmarkanir og sóttvarnareglur verða endurskoðaðar 17. nóvember og hugsanlega einhverjar tilslakanir í kortunum. Víðir Reynisson, yfirlöggregluþjónn almanna-

varnasviðs sagði í vikunni að verslanir og fyrirtæki mættu búa sig undir að takmarkanir yrðu áfram við lýði um jólin. Ljóni punkturinn í þessu öllu saman er þó að Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra hefur gefið út að stjórnvöld muni hafa allt til reiðu fyrir bólusetningu við veirunni í byrjun næsta árs, að því gefnu að bóluefnið reynist öruggt og samningar náist um kaup á því.

sj



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Orð í glugga

Á þessum skrítnu tímum er mikilvægt að halda í gleðina og á það sérstaklega við um yngri kynslóðina. Í vor voru bangsar settir út í glugga á ýmsum heimilum og fjölskyldur hvattar til að fara í göngutúr og telja bangsana sem kæmu fyrir sjónir. Nú í vetur er fólk hvatt til að skrifa orð á blað og setja út í glugga hjá sér. Þá geta börn og fjölskyldur gengið um bæinn og safnað orðum, athugað hversu mörg orð finnast og rætt merkingu þeirra. Þeir sem tala önnur tungumál en íslensku geta sett orð á sínu máli út í glugga og

þá tekið fram hvaða tungumál það er. Orðafjárjósleitin er frábær leið til að auka orðaforða barnsins og jafnvel hins fullorðna líka. Fólk er hvatt til að velja jákvæð, fyndin, skrýtin, skemmtileg eða forvitnileg orð og sömuleiðis til að skrifa orðin með stóru lettri svo auðvelt sé að lesa þau á meðan haldið er hæfilegri fjarlægð. Þessi skemmtilega viðbót til að brjóta upp daginn er góð leið fyrir samveru og spjall, lærdóm auk þess að sjá hversu fjölbreytt samfélagið okkar er.

sj



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Göngustígar endurbættir



Á facebooksiðu Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls segir frá því að í lok október var byrjað að vinna í göngustígnum milli Arnarstapa og Hellna.

Þegar mikil bleyta var þá varð stígurinn að drullusvaði á köflum sem gerir það að verkum að stígurinn breikkar þar sem margir leita þá út fyrir stíginn og traðk verður meira. Einnig eru töluvert af villustígum á þessari leið.

Fyrirtækið Stokk og Steinar vinna að göngustígnum og með þeim hafa líka verið landverðir þjóðgarðsins. Á þriðjudag í síðustu viku kom þyrlla frá Norðurflugi til þess að hjálpa við

að koma efni á staðinn þar sem ekki er hægt að fara með tæki. Vigfús Bjarnason hjá B. Vigfússon sá svo um að moka efni í sílóin sem þyrllan flutti.

Fyrir þá sem hafa gaman af tölum þá voru 40 rúmmetrar af efni flutt með þyrllunni sem gerir um 100 ferðir, 19 rúllur af lyngþökum var flutt á svæðið líka sem er um 320 fermetrar. Samtals voru það því um 119 ferðir sem þyrllan fór.

Meðfylgjandi mynd sem fengin er af facebook síðunni sést þegar þyrllan hefur sig til flugs eftir að hafa fengið „áfyllingu“.

jó

Getraunanúmer 355

Næsta laugardag, 14. nóvember verður fyrsti getraunadagur Víkings þennan veturinn. Opið verður frá kl. 10.00 til kl. 12.30. Núna verðum við staðsett í Kirkjutúni 2 (Áttthagastofan). Við hvetjum alla „típpara“ til að kíkja við og tippa á seðil hjá okkur, því það skilar söluláunum

til félagsins. Það verður kaffi á könnunni og kannski eitthvað með því og spritt í brúsum. Við biðjum þau, sem koma, að virða allar reglur þríeykisins. Laugardaginn 21. þ.e. eftir viku fer síðan af stað leikur, sem verður nánar kynntur í næsta tölublaði Jökuls.

óhs

ÓLAFSVÍKUR- OG
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL
kirkjanokkar.is



Helgistund í Ólafsvíkirkirkju

á sunnudag klukkan 11.

Streymt verður frá athöfninni.

Opin kirkja, öllum reglum fylgt og enginn kórsöngur.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Aðalfundur Björgunarsveitarinnar Klakks verður haldinn 29. nóvember 2020 kl. 18:00

Dagskrá:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar lögð fram
- Ársreikningur sveitarinnar
- Umfjöllun um skýrslu stjórnar og ársreikninga
- Ársreikningar bornir undir atkvæði
- Kaffihlé
- Kosning stjórnar
- Kosning tveggja manna í svæðisstjórn
- Önnur mál

Fundurinn er æðsta vald björgunarsveitarinnar og því eru allir fullgildir félagar hvattir til að mæta.

Fundurinn er öllum opin.

Færðu leikskólabörnum vettlinga



Hluti af félagsstarfi eldri borgara í Snæfellsbæ er Hreiðrið, þar koma konur saman, þrjóna og stunda aðra handavinnu, það að koma saman og njóta félagskapar hvírrar annarar hefur líka mikið að segja. Þessi félagskapur hefur þó eins og annað félagsstarf verið í lágmarki undanfarnar

vikur vegna Covid.

Fyrir í haust færðu konurnar í Hreiðrinu leikskólabörnum á Krílakoti fallega vettlinga sem voru þrjónaðir í Hreiðrinu, starfsfólk og börn á Krílakoti vilja koma á framfæri kærur þakklæti fyrir þessa fallegu gjöf.

jó



Bifreiðaverkstæði Ágís.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

UPPBYGGINGARSJÓÐUR VESTURLANDS

OPNAÐ HEFUR VERIÐ FYRIR UMSÓKNIR

Styrkir til atvinnuþróunar og nýsköpunar
Verkefnastyrkir til menningarmála
Stofn- og rekstrarstyrkir til menningarmála

RAFRÆN UMSÓKNARGÁTT

Á vef SSV er rafræn umsóknargátt
Kynnið ykkur vel reglur og viðmið varðandi styrkveitingar
Allar nánari upplýsingar á www.ssv.is

AÐSTOÐ VIÐ UMSÓKNIR

Atvinnu- og nýsköpunarverkefni:
Ólafur Sveinsson olisv@ssv.is 892-3208
Ólöf Guðmundsdóttir olof@ssv.is 898-0247
Helga Guðjónsdóttir helga@ssv.is 895-6707

Menningarverkefni:

Sigursteinn Sigurðsson sigursteinn@ssv.is 698-8503

Komdu þinni
hugmynd í
framkvæmd

Umsóknarfrestur
er til og með
17. nóvember
2020



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



SÖKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS

Skýrsla um fasteigna- markað kemur út

Í lok október kom út nýr Hagvísir Vesturlands sem ber nafnið Fasteignamarkaður á Vesturlandi 2020. Aðal viðfangsefni Hagvísisins var að skoða stöðuna á fasteignamarkaði á Vesturlandi og þróun. Þá var leitað vísbendinga um framboð og eftirspurn íbúða á Vesturlandi. Hagvísinn skrifaði Vífill Karlsson.

Þegar rýnt var í fjölgun íbúða á Vesturlandi var fjölgunin 3% frá 2016 en hún hefur verið mun hægari en fjölgunin á Suðurlandi, Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur íbúum síðan 2016 þó fjölgað um 3% í Snæfellsbæ, 7% í Stykkishólmi en í Grundarfirði fækkað íbúum um 5% og 23% aukning varð í Helgafellssveit.

Þegar fasteignamarkaður á Vesturlandi er skoðaður og sjónum beint að Snæfellsnesi kemur í ljós að nýbyggingum hefur fjölgað mest í Stykkishólmi frá árinu 2011 eða um 24 eignir, sex eignir í Snæ-

fellsbæ og fjórar í Grundarfirði. Þá leit út fyrir að mun fleiri eignir í Snæfellsbæ hafi farið á sölu frá miðju ári 2019 heldur en í Grundarfirði og Stykkishólmi. Sá munur minnkaði þó þegar leiðrétt var fyrir fjölda íbúa og íbúðir til sölu á hvern íbúa nokkuð svipaður í öllum þremur bæjarfélögum. Ef notað er meðaltal árána 2016 til 2019 voru eignir seldar á hverja 1000 íbúa 29 talsins í Grundarfirði, 34 í Ólafsvík og 34 í Stykkishólmi.

Þrátt fyrir að eitthvað hafi verið um nýbyggingar sýna útreikningar og samanburður á íbúðum á íbúa að eftirspurn eftir íbúðum hafi verið meira en framboð í Snæfellsbæ og jafnvel Stykkishólmi frá 2016 til 2019. Talan yfir íbúðir á íbúa lækkaði um 4% í Snæfellsbæ og 0,3% í Stykkishólmi. Talan hækkaði hins vegar í Grundarfirði um 3,7%.

sj

Fjölmenntur fjarfundur um skipulag

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur samþykkt lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015 – 2031, lýsingin er gerð vegna fyrirhugaðrar breytingar gildandi aðalskipulags Snæfellsbæjar á Hellnum. Lýsingin er aðgengileg á heimasíðu Tæknideildar Snæfellsbæjar.

Þar sem að sóttvarnareglur koma í veg fyrir að haldnir séu fjölmenntur fundir var ákveðið að bjóða upp á kynningu á málinu á fjarfundum, fjarfundurinn var haldinn í gegnum Teams mánudaginn 2. nóvember og er óhætt að segja að þátttaka hafi verið góð, samkvæmt upplýsingum frá ráðhúsi Snæfellsbæjar voru 46

einstaklingar á fundinum. Sá sem þetta skrifar hefur setið nokkra kynningarfundum um skipulagsmál en man ekki eftir slíkri mætingu.

Í upphafi fundar tóku Kristinn Jónsson bæjarstjóri og Hildigunnur Haraldsdóttir arkitekt til máls og eftir kynningu var boðið upp á fyrirspurnir, líflegar umræður fóru fram á fundinum og ljóst að skiptar skoðanir eru á þessum fyrirhuguðu breytingum á aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

Samkvæmt auglýsingu um lýsinguna má skila ábendingum til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið byggingarfulltrui@snb.is til og með 15. nóvember 2020.

jó



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is

er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Kuldaboli er kominn á kreik



K2 kuldagalli EN471 CL.3

Vattfóðraður kuldagalli með cordura efni á álagsflötum. Með rennilás á skálmum. Hægt að taka hettuna af.

Litur: Gulur. Stærðir: XS–5XL.

Vnr. 9616 K2 2009



Dimex kuldagalli

Vattfóðraður kuldagalli með renndum brjóstvösum.

Litur: Svartur. Stærðir: S–3XL.

Vnr. 9609 648



Olympia ullarbolur

Langerma ullarbolur með kraga og rennilás úr merínóull.

Litur: Svartur. Stærðir: S–2XL.

Vnr. A546 JSB517-16



Olympia föðurland úr ull

Föðurland úr merínóull. Ekki með klauf.

Litur: Svartur. Stærðir: S–2XL.

A546 JSB517-21



Leðurhanskar

Fóðraðir Tegera leðurhanskar með riflás.

Litur: Ljós. Stærðir: 9, 10, 11.

Vnr. 9640 335



Vettlingar

Hljír Showa 451 vettlingar með góðu gripi. Ca 25 cm háir.

Vnr. 9658 451



Lambhúshetta

Lambhúshetta úr flísefni, fóðruð með bómull.

Ein stærð.

Vnr. A421 2



Dimex húfa

Dimex þrjónahúfa.

Litur: Dökkgrár. Ein stærð.

Vnr. 9609 4260+



Verðslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448
Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ